

Aðalfundur F.O.K.S. 10 sept 2009

- Fundarstjóri setur fundinn.
- Sigríður skólastjóri ávarpar fundargesti.
- Helga formaður segir frá vetrinum, hvað félagið hefur gert.
- Sigrún gjaldkeri fer yfir reikninga félagsins.
- Sigrún kosin formaður.
- Ábending kom úr salnum um að hafa skiptimarkað á skólafötunum.
- Alice Harpa Björgvinsdóttir: fyrirlestur um jákvæðni
- Hugrún Jónsdóttir, Ester Guðbjörnsdóttir og Bragi Finnbogason bjóða sig fram í næstu stjórn F.O.K.S
- Rætt um það hvernig fundargestum lítist á að hafa hausthátíð í stað vorhátíðar og hafa það með afmælishátíð skólans.
- Þeir sem tjáðu sig voru sammála um að þau sakni þess að hafa sýningu barnanna frá afrakstri vetrarins.
- Umræður.

Fundur F.O.K.S 29. Sept 2009

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar veturinn 2009-2010. Mættir: Sigrún, Anna Sigrún, Eva Dögg, Grímur, Hugrún, Bragi og Ester.

Hringt var í Sigrúnu frá útvarpi norðurlands og það hafði verið haft samband við útvarpið og bent á að skólabörn borga 415 krónur fyrir máltíð (annaáskrift) en starfsmenn Akureyrarbæjar borga minna fyrir sína máltíð eða 400 krónur. Þetta ætlum við að skoða.

- Ester ætlar að taka að sér gjaldkerastöðuna.
- Ákveðið að styrkja áfram 4. 7. Og 10. Bekk
- Leggja höfuðið í bleyti varðandi uppákomur og/eða fyrirlestra í vetur.

Fundur F.O.K.S 2.des 2009

Mættir: Eva Dögg, Sigrún, Bragi, Grímur og Ester.

Byrjuðum á því að fara aðeins yfir það hvernig gengur hjá 10. Bekk að rukka inn félagsgjöldin.

Sigrún fór yfir það sem fór fram á síðasta fundi Samtaka.

Hugmynd kom upp um að hvetja foreldra til að fá sér netvara í tölvurnar heima hjá sér. Grímur ætlar að hafa samband við Pétur djákna og biðja hann um aðstoð. Hann er vel inni í þessum málum.

Ákváðum að afpanta frá Cintamani fötin (nema þessar 3 flíkur sem er 100 % að fari út) vegna lélegra undirtekta foreldra og Cintamani virðist vera hætt að framleiða Róbert og Rósa í þeim litum sem við vildum en þeir lofuðu okkur í byrjun að hafa þessar tegundir til.

Fundur F.O.K.S 19.jan 2010

Fyrsti fundur ársins. Mættir: Bragi, Grímur, Sigrún, Húgrún, Eva og Anna Sigrún.

Rætt um að reyna að selja lagerinn af skólafötum, verðum að hækka verðið.

Sigrún fór yfir það sem fór fram á síðasta fundi Samtaka. Á honum var mest talað um niðurskurði og Reykjaferð. Það er mikið í gangi varðandi safnanir í Reykjaferðunum. Samtaka var einnig sett í það verkefni að ath með valið í 9. Og 10. Bekk, Hvort sé mikill niðurskurður í þeim málum.

Það að 10. Bekkingar taki að sér að rukka inn félagsgjöld hefur gengið illa þannig að það er spurning um að hætta því og fara að senda giróseðla til að peningurinn skili sér. 10. Bekkur fær samt sem áður styrk.

Rætt var um hvort ætti að halda vorhátíð eða hausthátíð. Meiri ághugi virðist vera á vorhátíð, finnst það meiri uppskeruhátíð. Anna Sigrún ætlar að bera það upp á næsta kennarafundi.

Ákveðið að helgin 8-9 maí væri ágæt helgi fyrir vorhátíð.

Grímur talaði við Pétur djákna um það sem kom upp á síðasta fundi um hvort hann ætti eitthvað meira efni til kynningar um netið. Pétur átti það ekki en benti á að Biskupstofa ætti efni um þetta og að við gætum talað við þá.

Næsti fundur F.O.K.S verður 9.febrúar 2010

Fundur F.O.K.S 9.febr 2010

Mættir: Eva, Sigrún, Bragi, Grímur, Ester, Hugrún og Anna Sigrún.

Sigrún kynnir síðasta fund Samtaka: Gréta forvarnarfulltrúi mætti á fundinn og kynnti Blátt áfram fyrirlesturinn fyrir foreldra og brúðuleikhús tengt því fyrir börn. Okkur stendur til boða að fá þetta í Síðuskóla. Brúðuleikhúsið kostar 45.000 krónur og einn fyrirlestur kostar 5000 krónur. Margir leikskólar í bænum eru búnir að skrá sig og hafa sennilega fyrir elstu börnin. Við þurfum að ákveða hvort við viljum þetta og þá hvaða árgangur fær brúðuleikhúsið.

Okkur stendur til boða að fá eineltismyndband, reynslusaga konu, lánað frá Grétu forvarnarfulltrúa. Sniðugt að nota þetta t.d. á aðalfundi sem fyrirlestur. Skoðum það.

Stjórnin ákveður að taka þessu boði Blátt áfram. Allir sammála því að mikil þörf sé fyrir það og mikilvægt að halda þessari umræðu opinni.

Nauðsynlegt að auglýsa vel...tölvupóst og miða heim.

Sigrún kynnti lítillaga fyrir okkur Stoðkennarann. Þeir verða á Akureyri 8-12 mars og eru tilbúnir til að kynna þetta fyrir okkur.

Anna Sigrún er búin að nefna við kennara hvort eigi að halda vor eða hausthátíð og vilja kennarar vorhátíð sem þeim finnst einnig meiri uppskeruhátíð.

Þurfum að kalla fram bekkjarfulltrúa.

Ákveðinn næsti fundur F.O.K.S 2.mars. Undirbúningsfundur fyrir bekkjarfulltrúa og ákveða í sambandi við Stoðkennarann.